



## Hreppsnefnd 18.03.04

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 18. mars 2004 kl. 16.00 félagsheimilinu Miklagarði. Mættir voru Aðalbjörn Björnsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Sigurveig Róbertsdóttir, Ólafur Ármannsson, Steindór Sveinsson og Björn Halldórsson. Aðalbjörn Björnsson varaoddviti bauð fundarmenn velkomna og síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 5. mars sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 5. mars. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð félagsmálanefndar frá 9. mars sl.

Fundargerð félagsmálanefndar lögð fram til kynningar.

Nokkrar umræður urðu um 2. tl. fundargerðarinnar og var í tengslum við hann lögð fram fundargerð með fulltrúum Jónsbúðar og Svæðisskrifstofu Austurlands til nánari útskýringar á stöðu málsins.

3. mál. Fundargerð skólanefndar frá 19. feb. sl.

Fundargerð Skólanefndar frá 19. feb. sl. lögð fram til kynningar

4. mál. Menningarmálanefnd skipan í nefndina

Gerð grein fyrir því að fulltrúar úr menningarmálanefnd höfðu sagt sig úr nefndinni og þyrfti því að skipa nýja nefnd. Menningarmálanefnd er 5 manna nefnd, en ekki lá fyrir fundinum tillaga að skipan nema þriggja í nefndina og eru þeir Ólafur Valgeirsson, Sigríður Dóra Sverrisdóttir og Guðrún Anna Guðnadóttir.

Hreppsnefnd samþykkir að þessir þrír aðilar verði skipaðir í menningarmálanefnd, þannig að nefndin verði starfhæf. Í framhaldi verði leitað að áhugasömum aðilum í nefndina og gengið verði frá kjöri þeirra á næsta fundi hreppsnefndar.

Tillaga þessi samþykkt með með 5 atkv. tveir sátu hjá.

5. mál. Menningarráð Austurlands, úthlutun menningarstyrkja 2004

Lagðar fram upplýsingar um úthlutun menningarstyrkja 2004. Menningarmálanefnd fékk 600 þús. kr. og Vopnafjarðarhreppur fékk 800 þús. kr. til lagfæringar á menningaraðstöðu í sveitarfélaginu. Þá fengu Vesturfarinn og Astrid Örn 100 þús. kr. hvor aðili fyrir sig. Nokkur umræða var um það að samningurinn milli sveitarfélaganna og ríkisins rennur út á árinu og er því brýnt að koma að hugmyndum um lagfæringu við gerð nýs samnings.

6. mál. Hótel Tangi, hugmyndir að breytingum.

Lagðar fram grunnteikningar að hugmyndum að endurbyggingu 1. hæðar hótelsins. Jafnframt gerð grein fyrir hugmyndum að lagfæringum á 2. hæð hússins. Þá var gerð grein fyrir viðræðum sem fram hafa farið við Flugleiðahótel um það að Hótel Tangi fái vera inni í Edduhótela keðjunni að breytingum loknum. Um það yrði gerður sérstakur samningur ef um semdist.

Þá var lögð fram svofelld bókun frá Birni Halldórssyni og Steindóri Sveinssyni:

“ Við undirritaðir fulltrúar í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps mótmælum harðlega þeim einkennilegu vinnubrögðum sveitarstjóra sem fram komu í frétt RÚV. laugardaginn 13. mars sl., Þar var haft eftir sveitarstjóra að sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hefði samþykkt að fara í breytingar á Hótel Tanga – breytingar sem mundu kosta um 15 m.kr. og voru fyrirhugaðar breytingar tíundaðar nákvæmlega. Við teljum það ótrúleg vinnubrögð að senda slíkar fréttir frá sér þar sem enginn fótur er fyrir henni. Málið hefur ekki verið formlega rætt í sveitarstjórn, hvað þá að gerð hafi verið samþykkt þar um, nægir í því sambandi að lesa fundargerðir sveitarstjórnar. Framkoma sem þessi gagnvart kjörnum fulltrúum er algerlega óþolandi og við hljótum að krefjast þess að sveitarstjóri biðjist afsökunnar á

þessu flumbri- og láti sér það að kenningu verða og hætti að koma með ótímabærar yfirlýsingar í fjölmiðla.”

Björn Halldórsson(sign)  
Steindór Sveinsson (sign)

Nokkrar umræður urðu síðan um fyrirhugaðar breytingar og hversu langt ætti að ganga í þeim í fyrstu umferð.

Hreppsnefnd samþykkti síðan að áfram verði unnið á þessum grunni að undirbúningi og hönnun fyrirhugaðra endurbóta á hótelinu.

7. mál. Átak í eflingu sveitarstjórnarstigsins, samanber og 9. tl. fundargerðar hreppsnefndar frá 5. mars sl. Sýn Vopnfirðinga.

Lagður fram gátlisti frá SSA dags. 27. febrúar varðandi eflingu sveitarstjórnarstigsins. Jafnframt lögð fram drög að svarbréfi til SSA varðandi þessi mál. Ennfremur lagt fyrir að nýju bréf sameiningarnefndar frá 22. janúar sl., þar sem óskað er eftir samstarfi um vinnslu tillagna um sameiningarkosti.

Gerð var grein fyrir því að Vopnafjarðarhreppur hefur allt frá júní 2000 unnið með Skeggjastaðahrepp, Norður-Héraði, Fellahrepp, Fljótsdalshrepp, Austur-Héraði og Seyðisfirði að hugmyndum að mótun á nýju sveitarfélagi á norðursvæði Austurlands.

Mikil vinna hefur verið innt af hendi milli sveitarfélaganna frá þessum tíma. Í vinnunni hefur skirt komið fram að mjög fýsilegt er að efla samstarf á mörgum sviðum á þessu svæði. Má þar nefna sem dæmi skóla -og félagsþjónustu, slökkviliðsmál og sjúkraflutninga, almannavarnarmál, sorpmál og mörg önnur verkefni.

Hugur Vopnfirðinga liggur til þess að vinna með þessu svæði í framtíðinni eins og raunar er löng hefð fyrir.

Hægt er að hugsa sér það að fyrstu skrefin í sameiningu þessara sveitarfélaga sé verulega aukin samvinna á mörgum sviðum eins og að framan er nefnt.

Á þessu svæði er hægt að stækka atvinnu og þjónustusvæði verulega. Grundvallar skilyrði fyrir því að þetta gangi vel fram er að samgöngur verði góðar milli staða. Í þessu sambandi er sérstaklega litið til jarðganga undir Hellisheiði eystri.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að svara Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi í samræmi við tillögu að bréfi sem liggur fyrir fundinum. Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að fela sveitarstjóra að svara sameiningarnefndinni í þeim anda sem fram hefur komið á fundinum með tilliti til þess með hvaða svæði Vopnfirðingar vilja helst vinna og hver grundvallarskilyrðin eru.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

8. mál. Skipan fulltrúa í samstarfshóp um áframhaldandi samstarfsverkefni sveitarfélaganna á norðursvæði Austurlands, sem frestað var á síðasta fundi hreppsnefndar.

Tillaga kom fram um að Emil Sigurjónsson verði fulltrúi Vopnafjarðarhrepps í Starfshópnum og til vara verði Aðalbjörn Björnsson

Samþykkt með 7 atkv.

Fleira ekki gert og fundi slitið.